

## Samþykkt

### um viðauka við og breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

71  
15. júlí

Lunda má veiða með háf á heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. júlí 1921.

**Pjetur Jónsson**

---

*Oddur Hermannsson.*

## Reglugjörð

### fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl.

72  
8. ágúst

#### I. KAFLI.

##### *Um stjórn fjallskilamála.*

##### 1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 10. nóv. 1905 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndin annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

#### II. KAFLI.

##### *Um upprekstur í afrjetti og heimalönd.*

##### 2. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að búfjárhögum sje elgi íþyngt um skör fram á sumrum. Í þeim hreppum, sem afrjettir tilheyra, skulu allir, er sauðfje hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka geldfje, lömb og dilkær á afrjett eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrjett í annari sveit.